

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/7/EB

2005/EES/27/09

frá 24. janúar 2003

um breytingu á skilyrðum fyrir leyfi fyrir kantaxantíni í fódri í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 9. gr. r.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 70/524/EBE er aukefnið kantaxantín leyft með vissum skilyrðum.
- 2) Árið 1997 kvað vísindanefndin um matvæli (SCF) upp úr um að viðtekinn dagskammtur (ADI) kantaxantíns fyrir fólk skuli vera 0,03 mg/kg líkamsþyngdar.
- 3) Í ljósi endurskoðunar vísindanefndarinnar um matvæli á viðtekna dagskammtinum hefur vísindanefndin um fódur endurskoðað magn kantaxantíns í fódri fyrir laxfiska, sláturkjúklinga og varphænur til að tryggja öryggi neytenda. Vísindanefndin um fódur hefur lýst því yfir að öryggi neytenda yrði tryggt með því að ákvarða að hámarksstyrkur kantaxantíns skuli vera 25 mg/kg í fódri fyrir laxfiska og sláturkjúklinga og 8 mg/kg í fódri fyrir varphænur.
- 4) Nauðsynlegt er að breyta núverandi leyfi fyrir kantaxantíni til að tryggja betur heilbrigði neytenda.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Skilyrðunum vegna leyfis fyrir kantaxantíni (E 161 g) í fódri er breytt í samræmi við færslurnar í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. desember 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. janúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 9.10.2003, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					mg/kg heilföðurs			
Litgjafar, að meðtöldum litarefnum								
1. Karótenóíð og xantófüll:								
E 161 g	Kantaxantín	C ₄₀ H ₅₂ O ₂	Alifuglar, aðrir en varphænur	—	—	25	Blöndun kantaxantíns við önnur karótenóíð og xantófüll er heimil, að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 80 mg/kg í heilföðrinu.	Án tímamarka
			Varphænur			8	Blöndun kantaxantíns við önnur karótenóíð og xantófüll er heimil, að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 80 mg/kg í heilföðrinu.	Án tímamarka
			Lax, urriði	—	—	25	Má gefa dýrum sem hafa náð sex mánaða aldri. Blöndun kantaxantíns við astaxantín er heimil, að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 100 mg/kg í heilföðrinu.	Án tímamarka
			Hundar, kettir og skrautfiskar	—	—	—	—	Án tímamarka
3. Litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum bandalagsins, önnur en patentblátt V, súrskærgrænt BS og kantaxantín	—	—	Allar tegundir eða flokkar dýra, að undanskildum hundum og köttum	—	—	—	Einungis leyfilegt í fõðri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvælaúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þessum efnum eða litað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka
			Hundar	—	—	—	—	Án tímamarka
			Kettir	—	—	—	—	Án tímamarka

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					mg/kg heilföðurs			
3.1	Kantaxantín, leyft til litunar matvæla samkvæmt reglum bandalagsins		Allar tegundir eða flokkar dýra, að undanskildum alifuglum, laxi, urriða, hundum og köttum	—	—	—	Einungis leyfilegt í fœðri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvælaúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þessum efnum eða litað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka
			Hundar	—	—	—	—	Án tímamarka
			Kettir	—	—	—	—	Án tímamarka
			Alifuglar, aðrir en varphænur, lax og urriði			25	Einungis leyfilegt í fœðri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvælaúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þessum efnum eða litað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka
			Varphænur			8	Einungis leyfilegt í fœðri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvælaúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þessum efnum eða litað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka